



FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI

JAR 1036

NAFN: _____

KENNITALA: _____

KENNARI Áslaug Gísladóttir

PRÓFIÐ ER Á 6 BLAÐSÍÐUM (með forsíðu)

PRÓFTÍMI: 1,5 klst

HJÁLPARGÖGN: Engin

Gangi ykkur vel

1. Hluti (30%) Krossið við rétt svör í hverri spurningu. Athugið að það geta verið eitt, tvö, þrjú eða fjögur rétt svör við hverri spurningu.

1. Eftirfarandi atriði eiga við um rof:

- molnun og grotnun bergs.
- útfellingar.
- urðarrönd.
- aurkeilur.

2. Eftirfarandi atriði eiga við um möttul jarðar:

- er úr fljótandi efni.
- orsök flekareks er að finna þar.
- þar deyja jarðskjálftabylgju út.
- þar verða til rafstraumar sem valda segulsviði jarðar.

3. Þegar við tölum um stærð jarðskjálfta þá er átt við:

- Richterkvarðann.
- Mercallikvarðann.
- orkuna sem losnar í jarðskjálftanum.
- áhrif jarðskjálftans á yfirborð jarðar.

4. Eftirfarandi atriði eiga við um sprungureinar á Reykjanesskaga:

- sprungustefna NA-SV.
- sprungustefna N-S.
- þverbrotabelti.
- jarðvarmi í Svartsengi.

5. Gosefni eru:

- hraun.
- kleprar.
- flikrubergr.
- gosgufur.

6. Fyrirbærið verður til þegar vatn veldur óreglulegri kælingu á kyrrstæðri kviku:

- bólstraberg.
- bólstrabrotaberg.
- stuðlaberg.
- kubbaberg.

7. Eftirfarandi atriði eiga við um berghleifa:

- eru fornar aðfærsluæðar eldstöðva.
- eru stærstu innskotin.
- hafa margir verið kvikuhólf megineldstöðva.
- eru stórkornóttir.

8. Gjóskugos eru flokkuð í:

- Vulkangerð.
- Peléegerð.
- Strombólígerð
- Surtseyjargerð.

9. Í blönduðum gosum geta myndast :

- Eldhryggir.
- Klepra- og gjallgígar.
- Dyngjur.
- Eldborgir .

10. Eftirfarandi atriði eiga við um lághitasvæði:

- leirhverir.
- basískt vatn.
- goshverir.
- vatnshverir.

11. Eftirfarandi atriði eiga við um Vatnajökul:

- hveljökull.
- gadjökull.
- skjaldarjökull.
- þíðjökull.

12. Tjörnin í Reykjavík er dæmi um:

- lón við sjó.
- bjúgvatn
- hóp.
- stöðuvatn myndað að útrænum öflum.

13. Eftirfarandi atriði eiga við um lindár:

- grunnvatn.
- þéttur berggrunnur.
- gropinn berggrunnur.
- litill rofmáttur.

14. Frostverkanir á grónu landi eru :

- paldrar.
- rústir.
- þúfur.
- flár.

15. Eitt máttugasta rofaflið er:

- jökulrofið.
- hafaldan.
- árrofið.
- eldvirknin.

2. Hluti (30%) Svarið báðum spurningunum.

1. (15%) Í byrjun nóvember 2004 varð eldgos í Vatnajökli. Eldgos þetta stóð einungis yfir í nokkra daga en skildi samt eftir sig ákv. ummerki.

Lýsið öllum stigum þessa goss, gosefnum, áhrifum ytri aðstæðna við myndun og útlit. Hverjar voru afleiðingar þessa goss ?

Ef þetta gos hefði staðið yfir 3 mánuðum lengur hverjar hefðu verið mögulegar afleiðingar þess ?

Teiknið skýringarmyndir

2. (15%) Gerið nákvæma úttekt á því sem gerist á mörkum fleka. Hvað einkennir hver mörk og hvernig getum við tengt Ísland við þetta ?

3. Hluti (40%) Svarið 8 af 10 jafngildum spurningum.

1. Hverjar eru bergtegundirnar þrjár og hvernig tengjast þær ?
2. Lýstu landrekskenningu Wegeners og hver voru rök hans með henni ?
3. Hver er munurinn á rekbeltum og þverbrotabeltum ? Nefndu dæmi frá Íslandi máli þínu til stuðnings
4. Gerðu grein fyrir rúmbylgjum, 3 atr. um hverja tegund.
5. Hver er munurinn á frumstæðri kviku og þróaðri kviku ? Nefndu dæmi um hvora tegund fyrir sig.

6. Berðu saman myndun helluhrauna og apalhrauna. (5atr. um hvort)
7. Hver er munurinn á myndun bólstrabergs og stuðlabergs ?
8. Berið saman myndun sprengigíga og askja. Við hvers konar hamfarir verða þessi fyrirbæri til ?
9. Berðu saman efnaveðrun og frostveðrun. Hvað eiga þessar tvær tegundir veðrunar sameiginlegt ?
10. Lýstu jökulsorfnu landslagi amk. 5 atr.